

Íslenska 4. bekkur

Kennarar: Gunnhildur Halla Carr; Helga Sólveig Aðalsteinsdóttir;
Sóldís Birta Reynisdóttir

4

Lýsing

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fimm flokkum:

Talað mál, hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Bókmenntir, Ritun og Mál og málnotkun. Allir þessir flokkar íslenskunnar tengjast innbyrðist og öðrum námsgreinum sem grunnur þeirra allra. Áherslan er á læsi nemenda í viðum skilningi. Íslenskan, skólamálið, tengist öllum starfsmönnum, nemendum og skólasamfélaginu sem slíku og hefur áhrif á skólamenningu og skólabrag. Málstefna Melaskóla byggir á samstarfi og samstöðu um gott málupplendi.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir íslensku 4. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópundi að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikuáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 7 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í íslensku taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í íslensku 4. bekkja eru þessi eftir hæfniflokkum:

Talað mál, hlustun og áhorf - nemandinn:

- hlustar og tekur þátt í umræðum um námsefni
- hefur vald á leikrænni tjáningu
- hlustar á nestissögur
- tjáir sig á bekkjarfundum
- segir frá daglegu lífi
- hlustar á flutning á fjölbreyttu efni
- hlustar á fyrirmæli og fer eftir þeim
- talar skýrt og kemur hugsunum sínum í orð
- rökstyður skoðanir sínar og tilfinningar frammi fyrir bekkjarfélögum
- fer eftir reglum sem gilda í samræðum hlustar á upplestur ljóða, barnabóka og fróðleikstexta

Lestur, lesskilningur og bókmenntir - nemandinn:

- notar hugtökin orð og málsgrein
- les margvíslegan gæðatexta sér til fróðleiks
- greinir uppbyggingu gæðatexta, söguþráð, persónulýsingar, umhverfi og boðskap

- endursegir lesinn texta, skilur textann
- les upphátt eigin texta og kortum
- les úr eigin myndritum og annarra
- les sér til ánægju heima og í kennslustofu (yndislestur)
- les upphátt, les í paralestri, les í kór
- les og vinnur með texta (valdar barnabækur), skilur textann
- les úr myndrænu efni
- greinir orð, hugtök og orðasambönd í texta
- velur bækur við hæfi á skólasafni

Ritun - nemandinn:

- dregur rétt til stafs og æfir í skriftarbækur heima og í kennslustofu
- hefur bil milli orða
- skrifar læsilegan texta
- skrifar dagbók /atburðabók
- semur fjölbreyttan texta frá eigin brjósti (yndisritun), s.s. sögur, endursagnir, skilaboð og lista
- notar fjölbreyttan orðaforða
- nýtir sér reglur um stóran og lítinn staf
- getur nýtt sér einfaldar stafsetningarreglur
- skrifar margvíslegan texta í ritvinnsluforritum

Mál og málnotkun - nemandinn:

- getur nýtt sér einfaldar stafsetningarreglur
- skrifar margvíslegan texta í ritvinnsluforritum
- þekkir mun á samnöfnum og sérnöfnum í texta
- þekkir tvöfaldan samhljóða í orðum
- þekkir nafnorð, lýsingarorð og sagnorð og notar þau markvisst í eigin texta
- raðar í stafrófsröð eftir öðrum og þriðja staf í orði og nýtir uppfléttingu í orðabók
- þekkir samsett orð
- leikur sér með margræðni orða, samheiti og andheiti
- þekkir kyn og tölu orða í texta

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluaðferðir, vinnulag) í íslensku 4. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *fjölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga og námsgreina, m.a.: markvissar innlagnir kennara, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, bekkjarfundi, útikennslu, kannanir, próf og heimavinnu.

Leitast er við að tengja hæfniflokka íslenskunnar innbyrðis og samþætta þá einnig við aðrar námsgreinar. Hæfniviðmið 1. - 4. bekkja eru brotin niður í smærri markmið og útskýrð sbr. námsmarkmið og árangursviðmið). Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu, heimildavinnu og gagnrýna hugsun. Þar sem því er við komið er farið í vettvangsferðir og söfn heimsótt.

Stefna Melaskóla er að kenna samkvæmt aðferðum *Byrjendalæsis* fyrstu tvö skólaárin og í framhaldi „Orð af orði“ og „Læsi til náms“. Eftirtaldir áhersluþættir eru lagðir til grundvallar lestrarnámsins:

- samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar
- tileinkun orðaforða er undirstaða góðs skilnings
- texti (bækur og ljóð) er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og efni hans rætt ítarlega
- tæknileg vinna sprettur úr þeim efni við sem felst í textanum og fer fram m.a. í „hringekju“
- nemendur vinna með lestrartengd verkefni
- nemendur koma með misjafna þekkingu til leiks í lestrarnámið og þurfa að geta lært hlið við hlið en um leið fengið verkefni við hæfi hvers og eins
- lögð er áhersla á sýnikennslu og nemendur læra vinnubrögð sem efla þá við að verða greinandi og sjálfstæðir lesarar
- læsisnámið eflir skapandi hugsun og tjáningu
- læsisnámið á að vera skemmtilegt og bjóða upp á samskipti
- kennarar safna upplýsingum um námsframvindu nemenda í daglegu starfi og nýta það til leiðsagnar til að skipuleggja ný viðfangsefni

Í lestrar- og íslenskunámi er lesinn gæðatexti. Í hverri viku fer fram fjölbreytt vinna með orð í textanum, söguþráð eða innihald þar sem markmið í lestri, ritun og málfræði eru höfð að leiðarljósi. Sköpun, spil og leikir fléttast inn í námið daglega.

Dæmi um kennsluhætti í íslensku:

- Byrjendalæsi
- samvinnunám og hópastarf
- hringekja
- lestur, talað mál, hlustun, áhorf og leikir
- vettvangsathuganir
- þemaverkefni

Áherslur í íslensku eru að nemendur:

- læri um bókstafi, tölustafi, orð, setningu, punkt og spurningarmerki
- geti greint orðaafjölda í setningu, atkvæðafjölda í orðum, fjölda hljóða í orðum
- geti parað saman stóra og litla stafi
- greini hljóð og merki við staf, greini forhljóð og skrif staf, greini hljóðað orð
- lesi orð og tengi við mynd, skoði mynd og finni rétt orð
- æfi tjáningu

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kafla 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í íslensku 4. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (heimapróf, munnleg próf, stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjöldmörg *matsverkefni* í íslensku eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er

notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk. Matskvarðar eru lagðir eru til grundvallar hæfniviðmiðum í námi og kennslu.

Námsmat í íslensku 4. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyrum að þessum markmiðum.

Heimalestur, *lesfimi* (sbr. lesfímipróf tekin í september, janúar og maí) og *lesskilningur* (sbr. Orðarúnarpróf tekin í nóvember og maí) eru metin sérstaklega og matið gert sýnilegt á heimasvæði nemenda og foreldra í Minn Mentor.

2025_Íslenska fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

2025_Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.
- Sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni.

2025_Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Lestur og lesskilningur

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila,
- Skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir.
- Þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.
- Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
- Beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.

2025_Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Bókmenntir

- Unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,
- Áttað sig á grunneinkennum ljóða og unnið með innihald þeirra.
- Beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir,
- Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni,

2025_Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Ritun

- Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð.
- Sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna.

- Búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.
- Skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk.

2025_Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Mál og málnotkun

- Þekkt og rætt ýmis einkenni málsins.
- Áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,
- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri.
- Leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd,
- Áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.



Ritrún 3

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ritrun_3/)



Góður, betri, bestur 4b

Námsbók



Fuglavefurinn

Náms- og fræðsluvefur

(<https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=2&id=52>)



Ítalíuskript 4

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/italiu4a/>)



Völusteinn

Námsbók - pdf.

(<https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/volusteinn.pdf>)



Óskasteinn

Námsbók - pdf.

(https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/oskasteinn_nytt.pdf)



Sögusteinn, Óskasteinn og Völusteinn - ritunarverkefni

Rafbók

(https://vefir.mms.is/sogu_oska/index.htm)



Komdu og skoðaðu fjöllin

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/komdu_og_skodadu_fjollin/)



Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kosislenska/>)



Komdu og skoðaðu land og þjóð

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/koslandogthjod/>)



Komdu og skoðaðu landnámið

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/koslandnamid/>)



Komdu og skoðaðu sögu mannkyns

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kossogumannkyns/>)



Komdu og skoðaðu: Vefur

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/komdu/index.htm>)



Loftur og gullfuglarnir - lesbók

Námsbók - pdf.

(https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/loftur_og_gullfuglarnir.pdf)



Loftur og gullfuglarnir - vinnubók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/loftur_og_gullfuglarnir_vb/)



Litlu landnemarnir - sögubók

Námsbók - pdf.

(https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/litlu_landnemarnir.pdf)



Litlu landnemarnir – Verkefni til að þjálfa hljóðkerfisvitund

Rafbók

(https://vefir.mms.is/namsleidbeiningar/litlu_landnem.htm)



Komdu og skoðaðu eldgos

Rafbók

(<https://www1.mms.is/rafbok/eldgos.html>)



Lesrún: lesa - skilja - læra

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lesrun/>)



Lesrún 2

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lesrun2/>)



Barnasáttmálinn

Vefur

(<https://www.barnasattmali.is/>)



Góður, betri, bestur 4a

Námsbók